



FLOKKSRAÐ



Handknattleikur



Blak



Knattspyrna



Borðtennis



Taekwondo



Dans



Bandý

Flokksráð HK og skilgreining verksviða þeirra

Í yngri flokka starfinu er þáttur forelda ómetanlegur. Þegar börnin eru að taka sín fyrstu skref í íþróttum þurfa þau stuðning frá foreldrum sínum. Fylgja þarf börnunum á æfingar og sýna áhuga á því sem þau eru að gera. Foreldrar gegna mikilvægu hlutverki í fjáröflunum fyrir viðkomandi flokka ásamt ýmsum störfum sem til falla við félagsstarfið. Gott samstarf þarf að vera milli foreldra og þjálfara og þarf boðmiðlun milli aðila að vera skilvirk, á jákvæðum og mannlegum nótum.

Lög HK

15. grein - Flokksráð

1. Stjórn deildar skal hlutast til um að skipuð séu flokksráð sem starfrækt eru í samræmi við starfsreglur deildar. Flokksráðin sinna daglegum rekstri flokkanna og skulu hafa sjálfstæðan fjárhag og bera fjárhagslega ábyrgð gagnvart stjórn deildar.
2. Aðalfundur deildar kýs formenn flokksráða, að fengnum tilnefningum eða einhliða berist tilnefningar ekki.
3. Formaður flokksráðs er jafnframt stjórnarmaður deildar. Þó er heimilt að skipa annan flokksráðsmann til stjórnarsetu hátti svo til að samstarf sé við annað íþróttafélag um rekstur ákveðins flokks. Í því tilfalli skal þess gætt að sá flokksráðsmaður sem sækir fundi sé félagi í HK.
4. Fjöldi flokksráða og meðlima þeirra skal ákveða í starfsreglum deildar en fjöldi meðlima skal að lágmarki vera 3. Tilnefning í flokksráð er háð samþykki stjórnar deildar.

Hlutverk umsjónamanna flokkanna

1. Umsjónamenn eru tengiliðir við þjálfara og sjá um að senda upplýsingar með tölvupósti á foreldra þegar það á við.
2. Umsjónarmenn tryggja að þegar farið er í keppnisferðir að fararstjóri/ar fari með.
3. Upplýsingar um mót – vita hvenær mót eru og skipuleggja fjáraflanir þegar það þarf.
4. Sjá um fjáraflanir: Umsjónamenn þurfa að sjá um að farið verði í fjáraflanir til að standa straum af ferðakostnaði – hvort þeir sjái um það sjálfir eða fá aðra til að sjá um það.
5. Umsjónamenn eru verkstjórar – þeir þurfa ekki að vinna alla vinnuna heldur sjá um að virkja sem flesta foreldra.
6. Umsjónamaður er með prókúru á reikning viðkomandi flokks sem er stofnaður af HK
7. Að vera umsjónamaður er skemmtilegt og gefandi, ef umsjónamaður er jákvæður smitar það út frá sér til hinna foreldranna.
8. Gott ef að einhverjir sem eru duglegir að mæta á leiki geti tekið myndir og komið þeim áleiðis til B&U til að setja inn á heimasíðu félagsins.



Hlutverk fararstjóra/liðstjóra á keppnisferðum á vegum HK

Reiknað er með að einn fararstjóri/liðstjóri sé með hverju liði sem HK sendir í keppnisferð. Fararstjórar/liðstjórar sjá um að skipuleggja ferðina í öllum meginráttum. (Þjálfar geta verið þeim innan handar við skipulagninguna ef þess er óskað) Skipuleggja þarf ferðalagið sjálf, t.d. fá tilboð í rútu og/eða báts- eða flugferðir. Einnig þarf að huga að máltíðum á milli mála fyrir keppendur (brauð, ávexti og drykki). Þjálfarar, fararstjórar/liðstjórar greiða ekki fyrir slíkar ferðir og þarf því að reikna með kostnaði vegna þeirra inn í því verði sem keppendur greiða.

1. Fararstjóri/liðstjóri ferðast ávallt með liði sínu til og frá áfangastað
2. Fararstjóri/liðstjóri gistir ávallt með liði sínu
3. Fararstjóri/liðstjóri skipuleggur afþreyingu fyrir sitt lið ef þörf er á því á milli leikja
4. Fararstjóri/liðstjóri er með liði sínu allan tímann frá því að lagt er af stað í ferðalag og þar til komið er heim.
5. Ef Fararstjóri/liðstjóri getur ekki verið með liði sínu allan tímann þarf hann að fá einhvern til að leysa sig af.

Reglur vegna keppnisferða erlendis á vegum HK

- Þjálfarar í ferðum erlendis á vegum HK eiga rétt á dagpeningum
 - Dagpeningar eru að lágmarki 6.000.- kr á dag
 - Dagpeningar greiðast af hópnum sem fer í ferðina
- Fjöldi þjálfara og fararstjóra í ferðum
 - 1 lið – 1 þjálfari og 1 fararstjóri
 - 2 lið – 2 þjálfarar og 2 fararstjórar
 - 3 lið – 2 þjálfarar og 3 fararstjórar
 - Þó breytilegt eftir aldri iðkenda og eðli ferðar.
 - Þetta eru viðmið til að hafa til hliðsjónar þegar farið er í ferðir.

